

## REGLUGERÐ

## um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2023.

## 1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 42. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

## A. Tímabilið 1. janúar - 30. júní:

| <i>Lífeyristryggingar</i>                        | <i>kr. á mánuði</i> | <i>kr. á ári</i>    |
|--------------------------------------------------|---------------------|---------------------|
| Ellilífeyrir, skv. 21. gr.                       | 307.829             | 3.693.948           |
| Hálfur ellilífeyrir, skv. 21. gr.                | 153.915             | 1.846.980           |
| Örorkulífeyrir, skv. 26. gr.                     | 58.222              | 698.664             |
| Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 27. gr.              | 43.041              | 516.492             |
| Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 27. gr.              | 58.222              | 698.664             |
| Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 40. gr.              | 42.634              | 511.608             |
| Aldursviðbót (100%), skv. 29. gr.                | 58.222              | 698.664             |
| Tekjutrygging, skv. 2. mgr. 28. gr.              | 186.444             | 2.237.328           |
| <i>Annað</i>                                     | <i>kr. á dag</i>    | <i>kr. á mánuði</i> |
| Ráðstöfunarfé, skv. 3. mgr. 38. gr.              |                     | 92.406              |
| Dagpeningar utan stofnunar, skv. 4. mgr. 38. gr. | 4.488               |                     |
| Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 42. gr.  |                     | 42.634              |

## B. Tímabilið 1. júlí - 31. desember:

| <i>Lífeyristryggingar</i>                        | <i>kr. á mánuði</i> | <i>kr. á ári</i>    |
|--------------------------------------------------|---------------------|---------------------|
| Ellilífeyrir, skv. 21. gr.                       | 315.525             | 3.786.300           |
| Hálfur ellilífeyrir, skv. 21. gr.                | 157.763             | 1.893.156           |
| Örorkulífeyrir, skv. 26. gr.                     | 59.678              | 716.136             |
| Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 27. gr.              | 44.117              | 529.404             |
| Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 27. gr.              | 59.678              | 716.136             |
| Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 40. gr.              | 43.700              | 524.400             |
| Aldursviðbót (100%), skv. 29. gr.                | 59.678              | 716.136             |
| Tekjutrygging, skv. 2. mgr. 28. gr.              | 191.105             | 2.293.260           |
| <i>Annað</i>                                     | <i>kr. á dag</i>    | <i>kr. á mánuði</i> |
| Ráðstöfunarfé, skv. 3. mgr. 38. gr.              |                     | 94.716              |
| Dagpeningar utan stofnunar, skv. 4. mgr. 38. gr. | 4.600               |                     |
| Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 42. gr.  |                     | 43.700              |

## 2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2023:

## A. Tímabilið 1. janúar - 30. júní:

|                                                             | <i>kr. á mánuði</i> | <i>kr. á ári</i> |
|-------------------------------------------------------------|---------------------|------------------|
| Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr. | 12.343              | 148.116          |

|                                                |         |           |
|------------------------------------------------|---------|-----------|
| Mæðra- og feðralaun með þremur börnum          |         |           |
| eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.                | 32.090  | 385.080   |
| Barnalífeyrir, skv. 3. gr.                     | 42.634  | 511.608   |
| Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr. | 230.682 | 2.768.184 |
| Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr. | 195.731 | 2.348.772 |
| Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.                | 63.503  | 762.036   |
| Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.                | 47.570  | 570.840   |
| Endurhæfingarlífeyrir, skv. 3. mgr. 7. gr.     | 58.222  | 698.664   |
| Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.            | 77.787  | 933.444   |
| Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.            | 63.020  | 756.240   |
| Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 10. gr.  | 21.520  | 258.240   |

## B. Tímabilið 1. júlí - 31. desember:

|                                                             | kr. á mánuði | kr. á ári |
|-------------------------------------------------------------|--------------|-----------|
| Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr. | 12.652       | 151.824   |
| Mæðra- og feðralaun með þremur börnum                       |              |           |
| eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.                             | 32.892       | 394.704   |
| Barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 3. gr.                          | 43.700       | 524.400   |
| Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.              | 236.449      | 2.837.388 |
| Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.              | 200.624      | 2.407.488 |
| Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.                             | 65.091       | 781.092   |
| Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.                             | 48.759       | 585.108   |
| Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.                  | 59.678       | 716.136   |
| Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.                         | 79.732       | 956.784   |
| Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.                         | 64.596       | 775.152   |
| Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 2. mgr. 10. gr.       | 22.058       | 264.696   |

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr. og 11. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 54/2023, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1438/2022, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2023.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 29. júní 2023.

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.